



Borgarráð


Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Reiðhöllin í Víðidal

Á fundi menningar-, íþróttá- og tólmstundaráðs 25. nóvember 2019 var lagt fram bréf sviðsstjóra ÍTR dags. 20. nóvember 2019 þar sem fram kemur að samningur milli Reykjavíkurborgar og Hestamannafélagsins Fáks um rekstur Reiðhallarinnar í Víðidal renni út um áramót.

Jafnframt voru lögð fram drög að nýjum samningi um rekstur Reiðhallarinnar.

Menningar-, íþróttá- og tólmstundaráð samþykkti samningsdrögin fyrir sitt leyti og vísaði þeim til borgarráðs til staðfestingar.


Ómar Einarsson.

Reykjavíkurborg (ÍTR) og Hestamannafélagið Fákur gera með sér svofellt samkomulag:

1. gr.

Hestamannafélagið Fákur tekur að sér að annast áfram allan rekstur Reiðhallarinnar í Víðidal, landnr. 112467, fastanr. 205-3772, Brekknaási 5, Reykjavík, eign Reykjavíkurborgar, frá og með 1. janúar 2020, samkvæmt nánari ákvæðum samkomulags þessa. Samkomulagið er til þriggja ára, sbr. 6. gr.

2. gr.

Rekstrarkostnaður Reiðhallarinnar frá og með 1. janúar 2020 verður áfram alfarið á vegum Hestamannafélagsins Fáks að undanskildum fasteignagjöldum og brunatryggingu fasteignar, sem Eignasjóður stendur skil á og meiriháttar viðhaldi sbr. 3. gr. Fákur mun jafnframt bera ábyrgð á öllum rekstri og starfsmannahaldi Reiðhallarinnar. Þriggja manna rekstrarstjórn annast áfram rekstur Reiðhallarinnar. Fákur skipar tvo fulltrúa í rekstrarstjórnina, þar af formann og Íþróttá- og tómsundasvið (ÍTR) einn. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim við framkvæmd hins styrkta verkefnis.

3. gr.

Hestamannafélagið Fákur greiðir allan rekstrarkostnað vegna Reiðhallarinnar svo sem kostnað við rafmagn og hita, starfsmannahald o.fl.

Fákur skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsemi og starfsmanna Reiðhallarinnar og bera ábyrgð á því tjóni sem iðkendur og gestir geta orðið fyrir og rekja má til vanrækslu á viðhaldi eða umsjón Reiðhallarinnar.

Fákur skuldbindur sig til að halda við þeim mannvirkjum sem samningur þessi nær til og annast allt almennt viðhald og lagfæringar sem nauðsynlegar verða á samningstímanum, annað en það sem fjármagnað er af skrifstofu framkvæmda og viðhalds sbr. 5. málsg. 3. gr. Fákur tekur að sér og greiðir fyrir allt tilfallandi viðhald mannvirkja og áhalda og tækja eftir því sem þörf krefur og sjá um að mannvirkjum öllum verði viðhaldið, þannig að byggingahlutar úreldist ekki umfram það sem eðlilegt er. Til slíks viðhalds telst endurmálum, viðgerðir á gólfum, áhorfendasvæðum og viðhald vallar, viðgerðir á brotum eða skemmdum, viðhald hreinlætistækja og búnaðar, þ.m.t. innanstokksmunir og á hita- og loftræstikerfi.

4. gr.

Skrifstofa framkvæmda- og viðhalds hjá USK skal við endurnýjun samkomulagsins gera úttekt á ástandi Reiðhallarinnar og skal úttektarskýrsla verða fylgiskjal með samkomulagi þessu.

Skrifstofa framkvæmda- og viðhalds skal árlega ásamt fulltrúa Fáks taka út ástand Reiðhallarinnar og gera kostnaðaráætlun um viðhald Reiðhallarinnar sem aðilar ná samkomulagi um. Að úttekt lokinni mun Skrifstofa framkvæmda og viðhalds ákveða þá heildar upphæð sem sett verður í viðhald á ári hverju og Fákur mun annast. Heildarupphæð viðhaldsverkefna bæði meiriháttar viðhald og reglulegt viðhald er alltaf háð fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir hvert ár. Jafnframt skal Fákur leggja fram verkáætlun í samræmi við áður nefnda kostnaðaráætlun og heildarfjárveitingu. Reykjavíkurborg mun endurgreiða Fákni fyrir útlagðan kostnað vegna viðhaldsverkefni, þó aldrei hærri fjárhæð en þá sem Skrifstofa framkvæmda og viðhalds hefur samþykkt. Reikningar verktaka og efnissala skulu lagðir fram við endurgreiðslu borgarinnar til Fáks vegna viðhaldsverkefna sem Fákur hefur framkvæmt.

Allar viðhaldsframkvæmdir skulu unnar af löggildum fagaðilum í samræmi við gildandi staðla og reglugerðir. Ávalt skal nota viðurkennd byggingarefni samkvæmt íslenskum reglugerðum.

Ef í ljós kemur við ástandsúttekt að ráðast þurfi í meiriháttar viðhald, endurbætur eða nýframkvæmdir munu tillögur um slíkt lagðar fyrir borgaryfirvöld og mun borgarsjóður greiða kostnað við slíkt í samræmi við fjárhagsáætlun borgarsjóðs hverju sinni. Skrifstofa framkvæmda- og viðhalds mun sjá um útfærslu og framkvæmd meiriháttar viðhaldsverkefna, endurbóta og nýframkvæmda.

5. gr.

ÍTR mun í samningum við Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) tryggja að ÍBR muni styrkja æfingatíma fyrir íþróttastarfsemi í Reiðhöllinni á árunum 2020, 2021 og 2022 og vegna vallarmála þannig að á ári greiðast 17.780.000.-. Þá mun ÍBR styrkja Fák um 3.120.000.- vegna þjónustu félagsins við börn og unglinga. ÍTR heldur eftir 2.130.000.- áætlað ár hvert, vegna fasteignaskatta af félagsheimili Fáks í Víðidal. Úthlutun tíma til þessarar starfsemi verður í samvinnu Rekstrarstjórnar Reiðhallarinnar og ÍBR og annast ÍBR greiðslur til Fáks eftir nánara samkomulagi milli aðila.

Greiðslur árin 2020 - 2022 verðbætast í samræmi við samning Reykjavíkurborgar við ÍBR. Fjárveitingar eru með fyrirvara um samþykki fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar ár hvert. Öllum uppgjörsmálum milli Reykjavíkurborgar og Fáks vegna þessa framkvæmda í Víðidal er þar með lokið.

6. gr.

Á samningstímanum greiðir ÍTR til Eignasjóðs innri leigu vegna Reiðhallarinnar. Hestamannafélagið Fákur mun í bókhaldi sínu sýna sérstaklega þær tekjur sem tilkomnar eru vegna samnings þessa og sömuleiðis öll útgjöld vegna reksturs og viðhalds Reiðhallarinnar, einnig sértilgreindan kostnað vegna nýframkvæmda, kaupa á búnaði og meiri háttar endurbóta. Bókhaldið verður lagt fyrir rekstrarstjórn Reiðhallarinnar til samþykktar og skal vera aðgengilegt fyrir Reykjavíkurborg.

7. gr.

Samkomulag þetta er til þriggja ára frá og með 1. janúar 2020. Það kemur í stað samkomulags sömu aðila, dags. 16. janúar 2014. Hægt er að framlengja samkomulag þetta um eitt ár í senn, þó ekki lengur en til 2026, og skal það gert minnst tveim mánuðum áður en samkomulagið rennur út.

8. gr.

Komi upp ágreiningur um rekstur Reiðhallarinnar á samningstímanum sem ekki tekst að leysa er hvorum aðila um sig heimilt að segja samningnum upp með sex mánaða fyrirvara.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 2019.

F.h. Reykjavíkurborgar (ÍTR)

F.h. Hestamannafélagsins Fáks

Vitundarvottar:

Samþykkt á fundi íþrótt- og tólmstundaráðs
Samþykkt á fundi borgarráðs.